



HEIM

ÚTGÁFA

UPPSKRIFTIR

UPPLÝSINGA-
VEITA

LEIT

FLAIR FLOW

ENGLISH

↑ UPP...

: Fréttir :

Í grein sinni, er nefnist "Systematic distortions in world fisheries catch trends," halda vísindamennirnir því fram að fiskveiðiráðgjöf FAO sé byggð á röngum upplýsingum. Þær upplýsingar sem FAO byggir á koma frá einstökum löndum og að oft séu þessar upplýsingar ekki í samræmi við raunveruleikann, m.a vegna brottkasts afla, ólöglegra veiða o.fl..

Að sögn Watson og Pauly er tilhneiging hjá mörgum ríkjum að vanáætla heildaraflatalur sínar, sem að þeirra mati eykur m.a. hættuna á ofveiði. Ein veruleg undanteking er þó frá þessari reglu að mati tvímenninganna, en það er Kína. Þar í landi leiddi krafan um að sífellt væri unnt að sýna fram á auknar veiðar á hverju ári að lokum til þess að þær tölur sem þaðan komu voru orðnar tóm fjarstæða.

Kanadísku vísindamennirnir benda á að þegar saman fari óvissuþættir tengdir fiskveiðum, s.s. sveiflur á milli ára í veiðum úr stórum fiskistofnum eins og ansjósu, þá geti rangar upplýsingar sem þessar haft í för með sér, auk hættunnar á ofveiði, offjárfestingu, bæði af hálfu aðila í sjávarútvegi sem og í fjármálaheiminum.

[Ágrip](#)